

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar
utan Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur váttryggingafélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélags, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatta og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingafélög fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Váttryggingafélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.